

Jökjarannsóknafélags Íslands. En þótt Einar hafi óskað að víkja úr aðalstjórn kvaðst hann fús til þess að taka sæti í varastjórn, ef þess væri óskað og aðstoða okkur við þann hluta af fyrra starfi sem sneri að spjaldskrá og félagatali.

Björn Indriðason, sem setið hefur í varastjórn frá árinu 1981, baðst undan endurkosningu. Björn er einn af þeim ósérhlífnu áhugamönnum, sem unnið hafa mikið sjálfboðastarf í félagi okkar í ótal ferðum á jökul, þar sem hann hefur langt árabílið ekið snjóþílum, gert við bilanir og gengið í öll störf á sinn hógværa og lítilláta hátt, án þess að hafa viljað láta mikið á því bera. Á starfi slíkra manna lifir þetta félag. Í stjórninni hefur hann lagt á ráðin um mörg mál og þótt hann hverfi nú úr henni vona ég að við getum áfram leitað til hans um ráð við lausn á ýmsum málum.

Helgi Björnsson

P.S.

Greinargerð formanns með tillögum að lagabreytingum

Stjórn Jökjarannsóknafélags Íslands hefur ákveðið að flytja breytingartillögur við lög félagsins. Þessar tillögur, sem unnar voru af þremur stjórnarmönnum, Einari Gunnlaugsyni, Jóni E. Ísdal og Sveinbirni Björnssyni, hafa verið sendar félögum í 33. fréttabréfi félagsins með nægilegum fyrirvara eins og lög félagsins mæla fyrir.

Tillögurnar eru tvær.

1. Fyrst eru lög um heiðursfélaga og nefnd til þess að velja þá. Á undanförunum stórafmælum félagsins hafa 12

félagar verið heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins. Þeir eru Árni Kjartansson, Árni Stefánsson, Eggert V. Briem, Guðmundur Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Hörður Hafliðason, Ingibjörg Sigurðardóttir, Magnús Eyjólfsson, Magnús Jóhannsson, Ólafur Nielsen, Sigurjón Rist og Þórarinn Björnsson. Til þess að koma reglu á hvernig staðið sé að heiðursviðurkenningu í félaginu leggur stjórnin til að sett verði í lög ákvæði um heiðursfélaga og skipuð nefnd til þess að velja þá. Stjórnin telur að mat á tillögum um heiðursfélaga sé best komið í valnefnd, eins konar öldungaráði virtra félaga, sem lengi hafa starfað í félaginu.

Jafnframt hefur stjórn félagsins ályktað að þeir félagar, sem á 20, 25 og 30 ára afmælum félagsins voru heiðraðir af þáverandi formanni og afhent jöklastjarna því til staðfestingar hafi verið og séu heiðursfélagar Jökjarannsóknafélags Íslands.

2. Önnur tillagan um lagabreytingu er sú að endurvakin verði ferðanefnd, sem undirbúi jöklaferðir félagsins. Vorferðir félagsins eru orðnar svo umfangsmiklar að þær þarf að undirbúa með löngum fyrirvara í samráði við rannsóknanevnd, bílanefnd, skálanefnd, stjórn félagsins og þátttakendur. Æskilegt væri því að stjórnin geti falið nefnd manna að undirbúa ferðirnar og stjórna þeim, frekar en að leggja það starf á eina af þeim nefndum, sem fyrir eru eða allt á einn fararstjóra.

Jarðfræðafélag Íslands

Frá starfsemi félagsins starfsárið 1990–1991

25. aðalfundur Jarðfræðafélags Íslands var haldinn í stofu 101 í Odda þriðjudaginn 14. maí, 1991. Hér á eftir verður sagt frá því helsta sem varðar starfsemi félagsins sl. starfsár.

Haldnir voru 7 stjórnarfundir og gefin voru út 4 fréttabréf. Einnig hefti með ágripum á vörðráðstefnu félagsins. Félagið tók á móti hópi jarðfræðinga frá Armeníu sem hingað komu í boði félagsins.

FÉLAGSSTARF

Alls voru flutt 5 fræðsluerindi á vegum félagsins, tvö fyrir jól og þrjú eftir jól og voru þau vel sótt. Eins dags ráðstefna var haldin 12. apríl í tilefni af 25 ára afmæli félagsins.

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var haldinn 30. október. Þá fluttu Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun og prófessor Sigurður Steinþórsson við Háskóla Íslands erindi um hið fræga Skaergaard innskot

á Austur-Grænlandi. Þeir voru í hópi sjö jarðfræðinga sem fóru í ágúst 1990 til Austur-Grænlands til þess að skoða Skærgård og nutu þar leiðsagnar og hjálpsemi þeirra Kent Brooks, prófessors við Kaupmannahafnarháskóla og dr. Niel Irvine við Carnegie Institution í Washington.

Annar fræðslufundurinn var haldinn 27. nóvember. Elsa G. Vilmundardóttir og fleiri jarðfræðingar fluttu erindi um ferð sem þeir fóru til Armeníu dagana 17.-27. september, 1990, í boði Jarðfræðifélags Armeníu.

Föstudaginn 30 nóvember flutti prófessor Eugen Seibold erindi sem hann nefndi „New trends in Geology“. Seibold er framkvæmdastjóri evrópska vísindaráðsins og var staddur hér vegna ársfundar Rannsóknaráðs og Vísindaráðs. Fyrirlesturinn var haldinn í nafni Jarðfræðafélags Íslands og Háskóla Íslands.

Að venju var haldinn jólafundur í Skólalæ, að þessu

sinni 7. desember. Þar var rætt um stöðu jarðfræðinnar í íslensku þjóðfélagi og kennslu í jarðfræði, bæði í framhaldsskólum og í Háskólanum.

Miðvikudaginn 13. febrúar var haldinn fyrsti fræðslufundur félagsins á árinu 1991. Karl Grönvold, jarðfræðingur á Norrænu eldfjallastöðinni og Ragnar Stefánsson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands fluttu erindi um gos-sögu Heklu, efnasamsetningu kvikunnar og spennubreytingar sem verða í jarðskorpunni í sambandi við Heklugos.

Félagið gekkst fyrir ráðstefnu um jarðfræði og umhverfismál að Hótel Loftleidum 12. apríl. Alls voru flutt 17 erindi á ráðstefnunni og var að venju gefið út ráðstefnurit með ágrípum erindanna. Rúmlega 100 manns sóttu ráðstefnuna.

Gestur Gríslason, jarðfræðingur hjá Hitaveitu Reykjavíkur flutti erindi 30. apríl um jarðhita og jarðhitarannsóknir í Kenýa, en hann starfaði þar í sjö ár, 1983-1990, á vegum Sameinuðu þjóðanna sem yfirmaður þeirra við jarðhitaleit sem ríkisstjórn Kenya og Sameinuðu þjóðirnar stóðu að. Síðasta fræðsluerindi vetrarins var flutt á aðalfundi 14. maí. Fyrirlesarar voru Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, prófessor Stefán Arnórsson og prófessor Sveinbjörn Björnsson hjá Háskóla Íslands. Erindið fjallaði um vinnslueiginleika lágihitasvæða Hitaveitu Reykjavíkur. Flytjendur hafa unnið að samantekt á vinnslueiginleikum lágihitasvæðanna fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, en samantektin byggir á umfangsmiklum gögnum og skýrslum sem starfsmenn Hitaveitunnar, Orkustofnun og Vatnaskil hf. hafa unnið að langmestu leyti.

ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ

Endurmenntunarnefnd Háskóla Íslands stóð fyrir námskeiði með aðstoð Jarðfræðafélagsins 6. til 9. nóvember, en þar var fjallað um nýttjavnar, ferskvatn og jarðhita. Freysteinn Sigurðsson, Ólafur Pétursson, Sigurður R. Gríslason og Sveinbjörn Björnsson önnuðust undirbúning.

HEIMSÓKN FRÁ ARMENÍU

Í júlí, 1991, komu 6 Armenar í heimsókn til Íslands og dvöldu hér í 9 daga í boði Jarðfræðafélagsins. Áður höfðu nokkrir íslenskir jarðfræðingar farið í heimsókn til Armeníu í boði Jarðfræðifélags Armeníu. Ýmsir íslenskir aðilar, aðstoðuðu við fjármögnun heimsóknarinnar, en íslensku Armeníufararnir skipulögðu hana og önnuðust framkvæmd. Farið var í kynnisheimsóknir til ýmissa stofnana og fyrirtækja, dvalið nokkra daga í sumarhúsi í Brekkuskógi og farið í ferðir um Suðurland.

FERÐ Á ELDSTÖÐVARNAR VIÐ

HEKLU 16. TIL 18. ÁGÚST

Jarðfræðafélag Íslands og Hið íslenska náttúrufræðifélag stóðu sameiginlega að ferð á eldstöðvarnar í Heklu helgina 16. til 18. ágúst, 1991. Gist var í tjöldum í Galtalækjarskógi. Haukur Jóhannesson, Guðrún Larsen og Guðrún

Sverrisdóttir önnuðust leiðsögn. Um 20 manns tóku þátt í ferðinni.

NEFNDIR

Nokkrar nefndir starfa á vegum félagsins:

ORÐANEFND

Orðanefnd starfar á vegum félagsins. Hún hélt 8 fundi á síðasta starfsári. Kristján Arnason, málfræðingur, er ráðunautur orðanefndar. Nefndin hefur tekið fyrir tvo efnisflokka, eldfjöll og jarðlagafraedi. Hafa 80 hugtök verið íslenskuð. Stefnt er að því að kynna starfsemi orðanefndar í fréttabréfi Jarðfræðafélagsins.

RITNEFND

Jarðfræðafélagið á aðild að útgáfu Jökuls með Jökla-annsóknafélagi Íslands og starfa við það tveir ritstjórar auk ritnefndar. Ritstjóri Jökuls tilnefndur af Jarðfræðafélaginu er Leó Kristjánsson.

NÁTTÚRUVERNDARÞING

Náttúruverndarþing var haldið dagana 26. til 28. október, en samkvæmt 4. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 og 2. gr. reglugerðar nr. 456/1987 um Náttúruverndarþing á Jarðfræðafélag Íslands rétt á því að tilnefna fulltrúa til setu á þinginu. Stefán Arnórsson, formaður félagsins sat þingið sem fulltrúi Jarðfræðafélags Íslands.

STJÓRN FÉLAGSINS

S.l. starfsár var stjórnin þannig skipuð: Stefán Arnórsson, formaður, Auður Andrésdóttir, ritari, Ásgrímur Guðmundsson, gjaldkeri, Áslaug Geirsdóttir, meðstjórnandi og Steinunn Jakobsdóttir, meðstjórnandi. Á síðasta aðalfundi gengu úr stjórn Elsa G. Vilmundardóttir, formaður, Guðrún Helgadóttir, ritari og Þorgeir Helgason, varaformaður, en í þeirra stað voru kosin Stefán Arnórsson, formaður, Auður Andrésdóttir, ritari og Steinunn Jakobsdóttir, meðstjórnandi.

FJÁRHAGUR

Fjárhagsafkoma félagsins byggist á árgjöldum félagsmanna. Árgjaldið var kr. 700. Aðalútgjöld félagsins eru fjölrítunar- og póstkostnaður, en reynt er að láta fundi og ráðstefnur standa undir kostnaði.

NÝIR FÉLAGAR

Á síðasta aðalfundi bættust tveir nýir félagar í hópinn. Nú eru 183 á félagaskrá í Jarðfræðafélagi Íslands.

Stefán Arnórsson